

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar**  
**vegna rammahluta fyrir Oddeyri.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 9. nóvember 2017 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. september 2017.

Breytingin felst í heildstæðri stefnumótun um þróun byggðar á Oddeyri, landnotkun og þéttingu byggðar á einstökum reitum.

Breytingin er sett fram sem rammahluti aðalskipulags fyrir Oddeyri, í greinargerð og á uppdrætti dagsettum 16. ágúst 2017 og tekur til svæðis sem afmarkast af Glerá í norðri, Glerárgötu í vestri, Strandgötu í suðri og af sjó í austri.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

*Skipulagsstofnun, 9. nóvember 2017.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*